

REGLUGERÐ

um takmarkanir á veiðum smábáta 24. maí til 31. desember 1985 og bann við netaveiðum.

1. gr.

Á tímabilinu frá 24. maí 1985 til 2. september 1985 eru fiskveiðar báta undir 10 brl. aðrar en grásleppuveiðar takmarkaðar með eftirgreindum hætti:

- A. Á tímabilinu frá og með 24. maí til og með 1. september eru allar fiskveiðar bannaðar alla laugadaga og sunnudaga.
- B. Dagana 27. maí, 17. júní og á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 5. ágúst eru allar fiskveiðar bannaðar.

2. gr.

Á banndögum samkvæmt A og B lið 1. gr. er bátum undir 10 brl. óheimilt að hafa nokkur veiðarfæri í sjó.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september til 31. desember er bátum undir 10 brl. óheimilar allar fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands án séstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins. Ráðuneytið getur bundið slík leyfi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem þurfa þykir m. a. leyfishafi hafi fiskveiðar að aðalatvinnu.

4. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1985 til og með 15. ágúst 1985 eru allar þorskfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála sbr. þó lög nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. maí 1985.

F. h. r.

e. u.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.